

RICHARD WAGNER FÉLAGIÐ Á ÍSLANDI

- RICHARD WAGNER VERBAND ISLAND -

VESTURGATA 36B - 101 REYKJAVÍK - SÍMI/FAX: 5517292

Reykjavík 6. október 1997

Kæru félagar.

Ánægjulegri heimsókn Josefs Lienharts, forseta Alþjóðasamtaka Richard Wagnerfélaga er nú lokið og hlýddu nálægt 50 manns á fyrirlestur hans um Wieland Wagner í Goethe stofnuninni 20. sept. sl. og álíka margir sóttu haustfagnað félagsins á Hótel Holti sama kvöld.

Ósk forsetans um að sjá klett Brynhildar í ferð sinni setti stjórn félagsins í vissan vanda, en sá vandi leystist farsællega er Árni Björnsson þjóðháttufræðingur og stjórnarmeðlimur tilnefndi fjallið Meyjarsæti upp af Þingvöllum, sem verðugan klett Brynhildar. Var forsetinn myndaður við rætur fjallsins í fylgd Árna og undirritaðrar á leið sinni upp á Kaldadal, en þaðan var að sjálfsögðu haldið í faðm Snorra í Reykholti. Mega það nú allir vita, er þetta lesið hafa, að Meyjarsæti skal upp frá þessu einnig heita "Brünnhildes Felsen" eða Brynhildarfell, og aldrei að vita nema Wagneraðdáendur víða um heim muni streyma til landsins í pílgrímsferðir!

Á laugardaginn kemur verður fyrsta myndabandssýning vetrarins í Norræna húsinu kl. 14.00.

Sýndur verður **Hollendingurinn fljúgandi** frá Bayerische Staatsoper í München undir stjórn Wolfgangs Savallisch. Um er að ræða afar hefðbundna uppsetningu frá árinu 1991 í leikstjórn Hennings von Gierke sem gerði einnig leikmynd, en búningahönnuður er Franz Blumauer.


Helstu hlutverk syngja Robert Hale, Julia Varady, Peter Seiffert, Jaakko Ryhänen og Ulrich Ress.

Sýnt verður af stórum skermi með enskum skjátexta.

Á undan sýningunni munu þau Anna M. Magnúsdóttir og Reynir Axelsson fjalla um óperuna í stuttum fyrirlestri.

Aðgangur að sýningunni er ókeypis og velkomið að taka með sér gesti. Í kaffistofu hússins verða seldar veitingar í hléi.

Með bestu kveðjum,
f. h. stjórnarinnar



Selma Guðmundsdóttir formaður